

## Starfsreglur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands

### 1. grein

#### Skipan stjórnar

- 1.1 Stjórn Knattspyrnusambands Íslands er skipuð formanni, átta fulltrúum kjörnum á ársþingi og formanni ÍTF sem kjörinn hefur verið af fulltrúum aðildarfélaganna ÍTF. Þrjú varaformenn kjörnir á ársþingi taka sæti stjórnarmanna í forföllum þeirra í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Varaformaður ÍTF, sem jafnframt skal kjörinn af fulltrúum aðildarfélaganna ÍTF, tekur sæti á stjórnarfundum KSÍ ef formaður ÍTF er forfallaður.
- 1.2 Formaður stjórnar KSÍ er kosinn sérstaklega á ársþingi. Kjaranefnd, samkvæmt lögum sambandsins gerir tillögu til stjórnar um launakjör og starfshlutfall formanns eftir það ársþing sem formaður var kjörinn.
- 1.3 Stjórn KSÍ kys fyrsta og annan varaformann úr hópi stjórnarmanna til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum.
- 1.4 Stjórn KSÍ skal koma saman til fundar minnst 6 sinnum á ári. Einfeldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum en verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.
- 1.5 Framkvæmdastjóri KSÍ fer með prókúru en allar meiriháttar og/eða óvenjulegar skuldbindingar af hálfu KSÍ skulu samþykktar af stjórn.

### 2. grein

#### Verksvið stjórnar

- 2.1 Starfssvið stjórnar KSÍ er eftirfarandi:
  - a. að framkvæma ályktanir knattspyrnuþings,
  - b. að bera ábyrgð á fjármálum KSÍ og fylgja eftir samþykktri fjárhagsáætlun,
  - c. að ráða framkvæmdastjóra til starfa skv. starfslýsingu sem og sviðsstjóra knattspyrnusviðs.
  - d. að vinna að eflingu knattspyrnu í landinu,
  - e. að hafa samráð við og sitja reglubundna fundi með fulltrúum aðildarfélaganna KSÍ og annarra hagsmunaaðila,
  - f. að setja stjórn, nefndum og starfsfólki starfsreglur, sem byggja á góðum stjórnarháttum og gildum laga KSÍ,
  - g. að setja nauðsynlegar reglur og bráðabirgðaákvæði um knattspyrnumál á Íslandi
  - h. að annast útgáfu á knattspyrnulögum og reglugerðum fyrir knattspyrnu, er jafnan séu í samræmi við alþjóðareglur,
  - i. að hafa yfirstjórn með Íslandsmóti karla og kvenna í öllum aldursflokkum, bikarkeppnum og öðrum landsmótum,
  - j. að ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót á Íslandi í samræmi við alþjóðlega leikdaga í samræmi við ákvarðanir FIFA og UEFA,
  - k. að taka ákvarðanir um þátttöku íslenskra knattspyrnuliða í alþjóðamótum,
  - l. að tefla fram landsliðum og félagsliðum í knattspyrnu í keppni á alþjóðavettvangi,
  - m. að ráða þjálfara A-landsliða til starfa,
  - n. að koma fram erlendis fyrir hönd knattspyrnuhreyfingarinnar í landinu,
  - o. að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði,
  - p. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um málefni sem lög þessi eða/og reglugerðir KSÍ ná ekki yfir,
  - r. að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.
  - s. að fara að öðru leyti með stjórn KSÍ á milli ársþinga.

- 2.2 Stjórn KSÍ lítur eftir því að lög KSÍ, reglugerðir KSÍ og leikreglur séu haldin og getur hún vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til úrskurðar. Í sérstökum tilfellum þegar lög eða reglugerðir KSÍ eru ekki fullnægjandi getur hún tekið til skoðunar sjálfstætt brot aðila og beitt þeim viðurlögum er getur í lögum KSÍ.
- 2.3. Stjórn KSÍ og allir þeir sem koma fram á vegum KSÍ skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum, sem gilda á hverjum tíma. Stjórn KSÍ hefur samþykkt siðareglur, sem fulltrúar í stjórn skulu hafa í heiðri og fylgja því eftir að aðrir þeir sem falla undir reglurnar geri það einnig.
- 2.4 Stjórn KSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laga sambandsins. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.
- 2.5 Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar KSÍ eða samþykkt ársþings. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með dreifibréfi.
- 2.6 Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar KSÍ.
- 2.7. Stjórn KSÍ skal hafa að leiðarljósi að tryggja flæði nauðsynlegra upplýsinga til félaga innan knattspyrnusambandsins og starfa í anda þeirra ellefu samfélagslegu gilda UEFA, sem KSÍ hefur gert að einkunnarorðum sínum.

### **3. grein**

#### **Framkvæmdastjóri KSÍ**

- 3.1 Stjórn KSÍ ræður framkvæmdastjóra, ákveður verksvið hans og starfskjör. Stjórnin getur falið formanni KSÍ að annast samninga við framkvæmdastjóra um laun hans og önnur starfskjör.
- 3.2 Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sambandsins í umboði stjórnar og skal haga störfum sínum í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða starfsemi knattspyrnusambandsins Hann skal annast rekstur sambandsins, undirbúning verkefna og áætlanagerð.
- 3.3 Stjórn KSÍ skal setja framkvæmdastjóra frekari starfsreglur. Stjórn staðfestir skipurit og megin starfslýsingar starfsfólks.
- 3.4 Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn á skrifstofu knattspyrnusambandsins, segir þeim upp og ákveður launakjör þeirra. Við ráðningu lykilstjórnenda þ.e. sviðsstjóra knattspyrnuviðs og þjálfara A landsliðs karla og kvenna hefur framkvæmdastjóri samráð við stjórn sambandsins.

### **4. grein**

#### **Fyrirsvar stjórnar**

- 4.1 Formaður KSÍ er málsvari stjórnar sambandsins og kemur fram fyrir þess hönd varðandi málefni sambandsins, nema annað sé ákveðið. Einnig kemur formaður KSÍ fram út á við fyrir hönd sambandsins, ásamt framkvæmdastjóra, í samræmi við hefðir og eðli máls.

### **5. grein**

#### **Boðun stjórnarfunda**

- 5.1 Fundir stjórnar KSÍ skulu að jafnaði haldnir mánaðarlega eða svo oft sem þurfa þykir. Formaður eða framkvæmdastjóri boðar til funda og undirbúa þeir dagskrá fundanna.
- 5.2 Í lok hvers stjórnarfundar skal að jafnaði tekin ákvörðun um hvenær næsti fundur skuli haldinn.
- 5.3 Stjórn KSÍ skal koma saman til fundar minnst 6 sinnum á ári. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Ef 5 stjórnarmenn óska eftir fundi, skal formaður boða til hans.

- 5.4 Framkvæmdastjóri á sæti á fundum stjórnar KSÍ og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.
- 5.5 Til fundar stjórnar skal boða með minnst þriggja daga fyrirvara. Formaður getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.
- 5.6 Fundarboð skal sent út með tveggja daga fyrirvara og skal það að jafnaði vera rafrænt. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá og henni skulu fylgja þau gögn sem málunum fylgja. Til þess að stjórn geti kynnt sér fyrirbyggjandi gögn og til þess að afgreiðsla mála gangi vel fyrir sig skal almennt miðað við að fundargögn verði komin á fundargátt tveimur dögum fyrir fund.
- 5.7 Formaður getur tekið ákvörðun um símafund stjórnar í gegnum fjarfundarbúnað og að málefnið verði kynnt stjórnarmönnum skriflega. Atkvæðagreiðsla meðal stjórnarmanna getur farið fram rafrænt eða í gegnum fjarfundarbúnað um síma. Slíkur fundur lýtur sömu kröfum um lögmæti og almennt stjórnarfundur. Ganga skal frá fundargerð fjarfundar á næsta reglulega stjórnarfundi.
- 5.8 Óski stjórnarmaður þess að tiltekið mál verði á dagskrá skal það gert fjórum dögum fyrir stjórnarfund.
- 5.9 Stjórn KSÍ getur í sérstökum tilvikum falið einstökum stjórnarmönnum, einum eða fleirum, tiltekin mál til athugunar og undirbúnings afgreiðslu á stjórnarfundi.
- 5.10 Varamenn í stjórn taka sæti í forföllum kjörinna stjórnafulltrúa í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

## **6. grein**

### **Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.**

- 6.1 Stjórn KSÍ er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund, enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við gr. 5.5. og 5.6. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur.
- 6.2 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns sbr. grein 5.3.

## **7. grein**

### **Fundargerðir og fundargerðarbók**

- 7.1. Framkvæmdastjóri KSÍ skal sjá til þess að haldin sé gerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar. Fela má tilteknum starfsmanni félagsins að annast fundarritun stjórnarfunda og vörslu fundargagna. Fundargerðir skulu sendar stjórn til staðfestingar svo fljótt sem verða má og þær að jafnaði birtar eigi síðar en einni viku eftir að fundur stjórnar var haldinn.
- 7.2 Í gerðabók skal skrá eftirfarandi:
  - a. Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
  - b. Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum.
  - c. Dagskrá fundarins.
  - d. Ákvarðanir sem teknar eru.
  - e. Hver hafi ritað fundargerðina.
  - f. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki er sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt bókað í gerðabókina.
- 7.3 Sé fundargerð ekki full frágengin í lok fundar má staðfesta hana með tölvupósti en annars skal hún borin upp til samþykktar í upphafi næsta fundar.
- 7.4 Gerðabók eða rafræn skráning fundargerðar skal undirrituð af þeim er fund sitja. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í gerðabók sambandsins teljast full sönnun á því sem gerst hefur á stjórnarfundum.

## **8. grein**

### **Nefndir**

- 8.1 Stjórn KSÍ skal að loknu knattspyrnuþingi skipa eftirtaldar fastanefndir, skv. því sem kveðið er á um í lögum KSÍ:
  - a. Dómaranefnd.
  - b. Fjárhags- og endurskoðunarnefnd.
  - c. Fræðslunefnd.
  - d. Grasrótarnefnd
  - e. Heilbrigðisnefnd
  - f. Laga- og leikreglnanefnd.
  - g. Mannvirkjanefnd.
  - h. Markaðsnefnd
  - i. Mótanefnd.
  - j. Knattspyrnu- og þróunarnefnd
- 8.2 Fastanefndir starfa í umboði stjórnar KSÍ samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn KSÍ skal setja fastanefndum nauðsynlegar starfsreglur.
- 8.3 Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag. Formaður eða starfsmaður fastanefndar boðar til funda og stýrir þeim.
- 8.4 Stjórn KSÍ skal gæta þess að í nefndum á vegum sambandsins séu skipaðir aðilar af báðum kynjum og þar á meðal fulltrúar félaga eða hagsmunasamtaka félaganna. Hver fastanefnd skal halda a.m.k. þrjá fundi á ári. Fundargerðir nefnda skulu lagðar fyrir næsta fund stjórnar sambandsins.
- 8.5 Stjórn KSÍ getur skipað sérstakar nefndir til að fjalla um afmörkuð verkefni.

## **9. grein**

### **Fulltrúar landsfjórðunga**

- 9.1 Fulltrúar landsfjórðunga eru trúnaðarmenn KSÍ á hverju svæði. Hlutverk fulltrúa landsfjórðunga er að fylgjast með starfi knattspyrnufélaga í fjórðungnum, stöðu knattspyrnunnar á svæðinu og skila KSÍ greinargerð um stöðu mála ásamt tillögum um aðgerðir eftir því sem þörf krefur. Miðað er við að landshlutafulltrúar boði aðildarfélögin í sínum landshluta a.m.k. 1x á ári til fundar.
- 9.2 Stjórn KSÍ skal a.m.k. ársfjórðungslega boða fulltrúa landsfjórðunga á stjórnarfund. Á þeim fundum hafa kjörnir fulltrúar landsfjórðunga málfrelsi og tillögurétt.

## **10. grein**

### **Þagnar- og trúnaðarskylda**

- 10.1 Á stjórnarmönnum KSÍ hvílir þagnarskylda um málefni sem leynt skulu fara samkvæmt eðli máls.
- 10.2 Stjórnarmaður skal varðveita með tryggilegum hætti öll gögn sem hann fær afhent til að gegna starfi sínu sem stjórnarmaður.

## **11. grein**

### **Vanhæfi**

- 11.1 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð máls ef þeir hafa þar sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra. Skylt er stjórnarmanni og framkvæmdastjóra að upplýsa um atriði sem valdið geta vafa um hæfi hans til að taka þátt í meðferð og afgreiðslu máls.

## **12. grein**

### **Skýrslur**

- 12.1 Framkvæmdastjóri skal á hverjum fundi gera stjórn grein fyrir starfsemi sambandsins frá síðasta stjórnarfundum í stórum dráttum. Framkvæmdastjóri/fjármálastjóri skal á þriggja mánaða fresti gera grein fyrir fjárhag sambandsins.

## **13. grein**

### **Undirritun ársreiknings o.fl.**

- 13.1 Stjórn KSÍ skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda sambandsins í samræmi við lög þess.
- 13.2 Ársreikningur KSÍ ásamt skýrslu endurskoðanda skulu lagðir fyrir stjórn til afgreiðslu og meirihluti stjórnar og framkvæmdastjóri undirrita ársreikninginn. Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að ekki beri að samþykka ársreikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að eigendur fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.
- 13.3 Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## **14. grein**

### **Frekari reglur um störf stjórnar**

- 14.1 Um ábyrgð, vald og störf stjórnar KSÍ fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt lögum um ársreikninga og öðrum almennum lögum og samþykktum félagsins.

## **15. grein**

### **Breytingar á starfsreglum stjórnar**

- 15.1 Einungis stjórn KSÍ getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á starfsreglum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.
- 15.2 Þeir sem eiga sæti í stjórn KSÍ við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita afrit starfsreglnanna. Ef stjórn samþykkir breytingar á starfsreglum skulu stjórnarmenn undirrita afrit af reglum svo breyttum.
- 15.3 Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðendum KSÍ skal afhent eintak af starfsreglum og samþykktum sambandsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

*Samþykktar á fundi stjórnar KSÍ þann 15. janúar 2025*